



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Að þróa nám og starf í skóla fyrir alla Námskeiðsnúmer

Skráningarupplýsingar

Misseri og ár: Haust og vormisseri 2019-20

Einingafjöldi: 10 ECTS (yfir tvær annir)

Nám í eitt háskólaár telst vera 1500–1800 vinnustundir eða 25–30 klukkustundir fyrir hverja einingu

Námskeiðslýsing (úr kennsluskrá)

Tilgangur námskeiðsins er að þátttakendur kynni sér nám og starf í skóla og samfélagi margbreytileikans og nýti þekkingu sína til að greina þarfir í starfsumhverfinu og þróa sitt eigið starf. Á námskeiðinu verður fjallað um hugmyndafræði skóla margbreytileikans og skoðað hvað það merkir að koma til móts við náms- og félagslegar þarfir hvers og eins með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi.

Kjarninn í námskeiðinu er að þátttakendur skoði eigið starf og greini þarfir í starfsumhverfinu sem þeir vilja bregðast við eða þróa út frá hugmyndafræðinni og nýti eigin auðlindir og jafnvel auðlindir samstarfsfólks til þess. Lögð er áhersla á heildstæða og skapandi nálgun í nemendamiðuðu skólastarfi.

Vinnulag

Námskeiðið er vettvangs- og samstarfsmiðað og er gert ráð fyrir að mynda lærdómssamfélög þar sem þátttakendur læra saman og styðja hvern annan í að þróa skólastarf og skólabrag. Grunnhugmyndin er að þátttakendur geri rannsókn á eigin starfi. Í því felst að:

- skoða eigið starf / starfshætti með gagnrýnum augum og með hugmyndafræði skóla margbreytileikans í huga,
- móta sér rannsóknarhugmyndir í samráði við kennara og aðra þátttakendur,
- gera rannsókn á vettvangi með öflun gagna,
- vinna úr gögnum í samráði við kennara og aðra þátttakendur,
- kynna niðurstöður sínar og velta fyrir sér næstu skrefum.

Nemendur halda leiðarþók (rannsóknardagbók) um ferilinn og skrá í lestrardagbók í tengslum við lestur fræðigreina. Auk þess taka þeir þátt í umræðum um valið lesefni á netinu.

Hæfniviðmið

Í lok námskeiðs er gert ráð fyrir að þátttakendur:

- hafi öðlast þekkingu og skilning á hugmyndum um nám og kennslu í skóla án aðgreiningar,
- geti skoðað eigið starf með gagnrýnum augum og í samstarfi við aðra,
- móti sér rannsóknarhugmyndir með þróun eigin starfs í huga,
- geti beitt aðferðum starfendarannsókna til að afla gagna á vettvangi,
- geti nýtt niðurstöður rannsókna til starfsþróunar

Fyrir hverja er námskeiðið

Námskeiðið er ætlað starfsfólki grunnskóla. Þátttakendur sem hafa lokið B.Ed eða sambærilegri prófgráðu fá námskeiðið metið til eininga. Námskeiðið er opið öðrum þátttakendum.

Kennarar

Umsjónarkennari: Edda Óskarsdóttir
eddao@hi.is

Menntavísindastofnun Stakkahlíð

Aðrir kennarar verða fengnir inn á námskeiðið eftir þörfum

Námskeiðsform

- Kennsla í staðbundnum lotum og fjarnámi í námsumsjónarkerfi (Moodle, Ugly) með síðdegistímum í xx skipti á miðvikudögum.

Nánari lýsing á námskeiðsforminu

Námskeiðið er kennt í staðlotum, síðdegistímum og fjarlotum. Staðlotur eru tvær á hvorri önn: í ágúst og nóvember á haustönn og í janúar og apríl á vorönn. Á milli staðlotna verða nokkrir síðdegistímar í gegnum Adobe connect á fundartíma á miðvikudögum þar sem verða kynningar og verkefnavinna. Þar fyrir utan er unnið í fjarlotum – þá er um sjálfstæða vinnu þátttakenda að ræða.

Allt efni námskeiðsins verður aðgengilegt á Moodle – fyrirlestrar verða teknir upp.

Sérstakar áherslur

Hér er um að ræða sérsniðið námskeið fyrir Grunnskóla Hornafjarðar.

Námsumsjónarkerfi og netsamskipti

- Námsumsjónarkerfi námskeiðsins er Moodle og þar verður allt efni, fyrirlestrar, upptökur og lesefni aðgengilegt
- Nemar fá upptökur af fyrirlestrum
- Umræða á neti er skipulögð á Moodle
- Þátttakendur taka þátt í síðdegistímum í gegnum Adobe Connect
- Verkefnaskil eru í gegnum Moodle

Námsmat – yfirlit verkefna og prófa

Verkefni námskeiðsins eru 4 og miða að því að styðja þátttakendur til að þróa sitt eigið starf í samfélagi við aðra.

Verkefni 1 (25%) er rannsóknaráætlun þar sem fram kemur rökstudd greining á þörfum og áætlun um gagnasöfnun.

Verkefni 2 (25%) er fræðilegt yfirlit yfir efni rannsóknarinnar.

Verkefni 3 (40%) er lokaverkefni: Þættir úr verkefni 1 og 2 ásamt ígrundun á niðurstöðum og hugmyndir um breytingar í starfi. Verkefnið er kynnt í síðustu staðlotu

Verkefni 4 (10%) er sjálfsmat (einstaklingsverkefni)

Auk þess er gert ráð fyrir því að þátttakendur skrifi stutta pistla um lesefni og skili í fjarlotum.

Ljúka þarf hverjum námsmatsþætti með lágmarkseinkunn 5,0.

Viðfangsefni og vinnulag

Tímasett áætlun sem sýnir námsþætti eftir lotuskipulagi eða eftir vikum – **sett inn eftir fund 6. maí**

Lesefni

Lesefnislisti verður aðgengilegur á Moodle.

ECTS viðmið varðandi lesefni má lesa um í grein eftir Baldur Sigurðsson, sjá:

<http://netla.hi.is/menntakvika2011/alm/002.pdf>

Kröfur um lestur á bæði ensku og íslensku

Annað

Námsráðgjöf og sérúrræði

[Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands](#) veitir ráðgjöf og stuðning til handa nemendum Háskóla Íslands sem stuðlar að árangri og vellíðan í námi og starfi og ber ábyrgð á stuðningskerfi fatlaðra stúdenta

Vönduð vinnubrögð – ritstuldur

Nemar eru minntir á að öll verkefni sem þeir skila á námskeiðinu eiga að vera þeirra eigin hugverk. Óheimilt er með öllu að nýta sér verkefni frá öðrum nema að fylgja um það reglum um heimildatilvísanir og skráningu. Mjög strangt er tekið á ritstuldi og geta þeir nemendur sem verða uppvísir að slíku átt á hættu að viðurlögum sé beitt (sjá í Kennsluskrá).

Tækniástoð

Sjá á heimsíðu Menntasmiðju Menntavísindasviðs á þessari slóð:

<http://www.hi.is/menntavisdasvid/menntasmidja>